

Borgarnesi 25.02 2025

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

### Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 26 mars 2025. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Dagskrá miðvikudaginn 26 mars verður sem hér segir:

|          |  |
|----------|--|
| Kl.09.30 | Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands     |
| Kl.10.15 | Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands   |
| Kl.11.15 | Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands      |
| Kl.12.30 | Hádegisverður                                  |
| Kl.13.15 | Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands             |
| Kl.14.15 | Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi |

Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningur SSV, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Breytingar á stjórn SSV
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga sveitarstjórnarfulltrúar á Vesturlandi sem kosnir eru af sveitarfélögunum sem fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2024 verða send sveitarfélögunum fyrir aðalfundinn. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í október 2024 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2025.

Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þennan dag. Rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að skila inn umboði um hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á fundum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Á fundi Starfsendurhæfingar Vesturlands fer formaður SSV með atkvæðisréttinn fyrir hönd sveitarfélaganna.

Virðingarfyllt



Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV